

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2018**2020/EES/6/42****frá 23. mars 2018****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 86. og 98.,

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka að umfangi samstarf þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum þannig að það taki til tilmæla ráðsins frá 22. maí 2017 um evrópskan ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun og um niðurfellingu á tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í 8. mgr. 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

‘– **32017 H 0615:** Tilmæli ráðsins frá 22. maí 2017 um evrópskan ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun og um niðurfellingu á tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun (Stjtíð. ESB C 189, 15.6.2017, bls. 15).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*3. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB C 189, 15.9.2017, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.